

SIM og eSIM

19.03.2026

SIM kort er nauðsynlegur hluti af símanum þínum sem geymir upplýsingar til að auðkenna símanúmerið þitt á farsímakerfinu. Þó þú fáir þér nýjan síma getur þú alltaf verið með sama símanúmerið með því að færa SIM kortið þitt á milli tækja.

Í dag eru til tvær megintegundir SIM korta.

- **eSIM kort** eru innbyggð í tækið þitt og virkjuð með QR kóða eða hlekk á vef.
- **Hefðbundin SIM kort** eru plast spjöld með örflögu sem geymir allar upplýsingar sem þarf til að auðkenna símanúmerið þitt.

eSIM

eSIM er stafrænt SIM-kort sem er innbyggt í símann þinn og kemur í stað hefðbundiðs SIM-korts úr plasti. Með eSIM getur þú auðkennt símanúmerið þitt rafrænt og tengst farsímakerfi án þess að setja kort í tækið.

eSIM eru orðin algeng í flestum nýrri snjalltækjum og eru framtíð farsímatenginga.

Af hverju ætti ég að nota eSIM?

- Þú getur ekki týnt eSIM kortinu, það er hluti af símanum þínum.
- Þú getur flutt á milli fjarskiptafyrirtækja án þess að sækja nýtt SIM kort.
- Þú getur verið tvö símanúmer í einum síma t.d. tvö eSIM kort eða eitt eSIM og eitt plast SIM kort.
- Þau eru umhverfisvænni! Ekki þarf að fjöldaframleiða SIM kort úr plasti lengur.



Rafræn skilríki og eSIM

Hefðbundin rafræn skilríki eru vistuð í geymslu á SIM kortinu þínu og virka ekki með eSIM tækninni. Við mælum með að setja upp Auðkennisappið áður en þú færir símanúmerið þitt af plast SIM korti yfir í eSIM.

Hvernig breyti ég í eSIM?

Hafðu samband við þjónustuverið okkar og við getum fært áskriftina þína yfir á eSIM númer. Í kjölfarið sendum við þér póst með QR kóða sem þú notar til að virkja áskriftina á eSIM kortinu í tækinu þínu.

Þú getur líka auðvitað mætt í næstu verslun Símans og við munum aðstoða þig við að setja upp eSIM í símanum þínum!

Hvernig set ég upp eSIM?

iPhone

- Farðu í Settings
- Veldu **Mobile Service / Mobile Data**
- Veldu **Add eSIM**

- Veldu **Use QR Code**
- Veldu **Scan QR Code**
- Skannaðu inn QR kóðann
- Veldu **Continue**
- Fylgdu leiðbeiningum á skjánum til að klára uppsetningu

Samsung

Íslenska

- Farðu í **Stillingar**.
- Veldu **Tengingar**
- Veldu **SIM-strjórnun**
- Veldu **Bæta við eSIM-korti**
- Veldu **Skanna QR kóðann**
- Skannaðu inn QR kóðann
- Fylgdu leiðbeiningum á skjánum til að klára uppsetningu

Enska

- Farðu í **Settings**
- Veldu **Connections**
- Veldu **SIM manager**
- Veldu **Add eSIM**
- Veldu **Scan QR Code**
- Skannaðu inn QR kóðann
- Fylgdu leiðbeiningum á skjánum til að klára uppsetningu

Styður síminn minn eSIM?

Nánast allir símar sem eru framleiddir og seldir í dag styðja eSIM, en þú getur staðfest hvort síminn þinn styðji eSIM í stillingum tækisins eða í upplýsingum frá framleiðandanum.

Símar frá helstu framleiðendum sem styðja eSIM

Framleiðandi	Tegund
iPhone	XS / XR og nýrri
Samsung	S20 og nýrri A35 / A54 / A55 og nýrri Allir Flip og Fold símarnir
Google	Pixel 3 og nýrri
Xiaomi	13 og nýrri

Hefðbundið SIM

Hefðbundin SIM-kort eru plastkort með örflögu sem geymir upplýsingar um símanúmerið þitt. Örflagan getur einnig geymt tengiliði, en geymsluplássið þykir mjög takmarkað nú til dags. Því mælum við með að nota skýjaþjónustu til að samstillast tengiliði á milli tækja. Ef þú ert með eldri takkasíma getur verið hentugt að vista tengiliði á SIM-kortinu.

Hvernig fæ ég SIM kort?

Ef þú ert með farsímaáskrift hjá Símanum getur þú fengið nýtt SIM kort [í verslunum okkar](#) og [á þjónustustöðum um allt land](#). Þú getur líka haft samband við þjónustuverið okkar og við skráum kort fyrir þig og sendum þér það í pósti!

PIN og PUK númer

Hvort sem þú ert með eSIM eða plast SIM kort fylgja því PIN og PUK kóðar til að vernda SIM kortið þitt:

PIN

PIN er 4 stafa öryggiskóði til að læsa SIM kortinu þínu, en þar sem flestir símar í dag eru með skjálæsingunni er PIN læsingin ekki jafn mikilvæg og áður. Hún getur þó verið gagnleg ef einhver reynir að setja SIM kortið þitt í annan síma.

Ef þú slærð rangt PIN inn þrisvar sinnum læsist kortið og þú þarft að nota PUK númerið til að aflæsa því.

Ef þú manst ekki PIN kóðann þinn getur þú fylgt þessum skrefum til að endurstilla hann:

- Sláðu inn rangt PIN þrisvar sinnum
- Sláðu inn **PUK kóðann** þinn
- Búðu til nýtt PIN

Þú getur breytt PIN kóðanum eða slökkt algjörlega á þessari læsingu í stillingum símans.

PUK

PUK er 8 stafa kóði sem er notaður til að opna SIM kortið ef það er læst eftir of margar rangar PIN tilraunir.

Þú hefur 10 tilraunir til að slá inn rétt PUK, en eftir 10 rangar tilraunir verður SIM kortið þitt ónothæft. Þú getur nálgast PUK kóðann þinn á **þjónustuvefnum** eða með því að hafa samband við þjónustuverið.
